

II. OPNUNARGJÖLD

1. Hafi gjald samkvæmt gjaldskrá þessari eigi verið greitt, svo að til lokunar hafi komið fyrir veitu, skal taka gjald fyrir endurofnun, kr. 650.00.
2. Ef fundin eru óleyfileg eða of stór vör við skoðun, skal veitunni lokað, og verður ekki enduropnuð fyrr en notandinn hefur greitt kr. 650.00 gjald á skrifstofu rafveitunnar.

III. HEIMTAUGARGJALD

Af hverri húsveitu, sem tengd er við rafveituna, skal greiða heimtaugargjald, sem hér segir:

1. Grunngjald af hverri heimtaug kr. 1 800.00
Auk grunngjalds skal greiða kr. 10.00 af hverju þúsundi króna af brunabótamati húsa og mannvirkja. Í útreikningi á heimtaugargjaldi skal sleppa hálfu þúsundi eða minna af brunabótamati, en ella hækka upp í heilt þúsund.

Ef brunabótamat á húsi er gamalt, getur rafveitustjóri eða hreppsnefnd samræmt það nýju mati og miðað heimtaugargjaldið við það.

Láti húseigandi meta húsið að nýju skal heimtaugargjaldið þó miðast við það mat.

Heimtaugargjald fellur í gjalddaga þegar heimtaugaruppsetningu er lokið, eða þegar brunabótamat hefur verið framkvæmt.

Sé lengd jarðlínuheimtaugar meiri en 20 metrar og loftlínuheimtaugar meiri en 60 metrar, og gildleiki víra meiri en 3×70 mm², skal húseigandi greiða kostnað af því, sem umfram er. Ef lagðar eru fleiri en ein heimtaug að sama húsi, skal greiða allan kostnað af síðari heimtaug eftir reikningi.

IV. HEIMILD TIL HÆKKUNAR

Hreppsnefnd er heimilt að hækka eða lækka gjöld, sem ákveðin eru í þessari gjaldskrá, um allt að 15% án sérstakrar staðfestingar ráðuneytis, enda auglýsi hreppsnefnd breytinguna í Lögbirtingablaðinu áður en til hennar kemur.

Söluskattur er innifalinn í öllum gjaldskrárliðum, nema húshitun.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, og Orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, til að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá nr. 87 14. mars 1973.

Iðnaðarráðuneytið, 24. janúar 1974.

Magnús Kjartansson.

Jóhannes Guðfinnsson.

AUGLÝSING

um útgáfu þjóðhátíðarmyntar.

Á grundvelli laga um gjaldmiðil Íslands, nr. 22 frá 23. apríl 1968, mun Seðlabanki Íslands gefa út þrenns konar mynt á þessu ári, í tilefni 1100 ára byggðar á Íslandi. Skal hún vera lögeyrir í allar greiðslur hér á landi með fullu ákvæðisverði. Er myntin að svofelldri gerð og verðgildi:

1. 10 000 króna peningur úr gulli (900/1000), 27.75 mm að þvermáli og 15.5 grömm að þyngd. Á framblið peningsins er mynd af Ingólfi Arnarsyni, er hann varpar öndvegissúlum sínum fyrir borð og ártölin 874—1974 efst.

2. 1 000 króna peningur úr silfri (925/1000), 39 mm að þvermáli og 30 grömm að þyngd. Á framhlið peningsins eru tveir landnámsmenn við eld, sem sýnir, hversu karlmenn námu land. Efst eru ártölin 874—1974.
3. 500 króna peningur úr silfri (925/1000), 35 mm að þvermáli og 20 grömm að þyngd. Á framhlið peningsins sést kona leiða kvígu og er þar sýnt, hversu konur námu land. Efst eru ártölin 874—1974.

Á bakhlið peninganna allra eru landvættirnar fjórar, griðungur, gammur, dreki og bergrisi. Þar fyrir ofan er skráð verðgildi peninganna í tölustöfum og bókstöfum, en fyrir neðan „ÍSLAND“. Rönd peninganna er rífluð.

Þetta er almenningi gert kunnugt hér með.

Viðskiptaráðuneytið, 29. janúar 1974.

Lúðvík Jósepsson.

Þórhallur Ásgeirsson.

REGLUGERÐ

um bann við loðnuveiðum árið 1974.

1. gr.

Á tímabilinu 1. mars til 15. maí 1974, eru loðnuveiðar bannaðar fyrir Norður- og Austurlandi frá línu réttvísandi norður frá Horni að línu réttvísandi suðaustur frá Eystra-Horni utan línu, sem dregin er 12 sjómíllur utan við grunnlínu, samkvæmt reglugerð nr. 189/1972.

Á tímabilinu 15. maí til 15. ágúst eru allar loðnuveiðar bannaðar.

2. gr.

Brot gegn ákvæðum reglugerðar þessarar varða viðurlögum samkvæmt 3. gr. laga nr. 44 5. apríl 1948, um vísindalega verndun fiskimiða landgrunnsins.

3. gr.

Með mál út af brotum á reglugerð þessari skal farið að hætti opinberra mála.

4. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 1. gr. laga nr. 44 5. apríl 1948, um vísindalega verndun fiskimiða landgrunnsins, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 25. janúar 1974.

F. h. r.

Jón L. Arnalds.

Þórður Ásgeirsson.